

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

127. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 13. júní 2013 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Kjör oddvita, varaoddvita og ritara:
3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 06.05.2013 – frestun á afgreiðslu:
4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 10.06.2013:
5. Ályktun frá kennarafundi Þingeyjarskóla:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 16. fundar stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.:
- b) Fundargerð 806. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- c) Fundargerðir 11., 12. og 13. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:
- d) Stefnumörkun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

- 1. Fundarsetning:**
Oddviti setti fund.

2. Kjör oddvita, varaoddvita og ritar:

Oddviti kjörinn Ólína Arnkelsdóttir með sex atkvæðum til eins árs, einn seðill auður.

Varaoddviti kjörinn Arnór Benónýsson með sex atkvæðum til eins árs, einn seðill auður og ritari kjörinn Margrét Bjarnadóttir með sex atkvæðum til eins árs og einn seðill auður.

3. Fundargerð Fræðslunefndar frá 06.05.2013 – frestun á afgreiðslu:

Tekinn fyrir að nýju 1. liður fundargerðar Fræðslunefndar frá 6. maí s.l. þar sem nefndin lagði til við sveitarstjórn að samþykkja 20 tíma í kennsluafslátt vegna sameiningar Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla.

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga getur sveitarstjórn ekki samþykkt umbeðinn kennsluafslátt fyrir kennara. Sveitarstjórn felur skólastjóra að mæta auknum þörfum fyrir undirbúningsvinnu vegna samstarfs starfsstöðva Þingeyjarskóla með því að nýta áður samþykktan kennslustundakvóta. Samþykkt með sex atkvæðum gegn einu.

4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 10.06.2013:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 10. júní s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Varðandi 1. lið; drög að skólastefnu í Þingeyjarsveit samþykkir sveitarstjórn drögin og felur Arnóri og sveitarstjóra að ganga frá skólastefnunni til útgáfu. Fundargerðin staðfest að öðru leyti. Ásta situr hjá við afgreiðslu 2. og 3. lið fundargerðar.

5. Ályktun frá kennarafundi Þingeyjarskóla:

Lögð fram ályktun frá kennarafundi Þingeyjarskóla og send var sveitarstjórn:

„Kennarafundur Þingeyjarskóla, haldinn í Hafralæk 4. júní 2013, skorar á sveitarstjórn Þingeyjarsveitar að samþykkja aukinn kennslukvóta skólans þannig að skólastjóri hafi svigrúm til að beita grein 2.5.4. í kjarasamningi FG og SÍS, í þeim tilgangi að mæta þeirri auknu þörf fyrir undirbúning sem óhjákvæmilega fylgir sameiningunni.“

Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar til fyrri bókunar í 3. lið fundargerðar, um áður samþykktan kennslustundakvóta.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 16. fundar stjórnar Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar ehf.:
- b) Fundargerð 806. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- c) Fundargerðir 11., 12. og 13. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:
- d) Stefnumörkun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:35

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Ásta Svavarsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson